

12 GÓÐAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ KJÓSA FRAMSÓKN



1. Atvinna - Fyrir okkur öll

Afkoma fólks veltur á atvinnu, atvinna tryggir hagvöxt og hagvöxtur stendur undir öflugu velferðarkerfi. Leggja þarf aukna áherslu á nýsköpun og uppbyggingu fjölbreyttra atvinnutækifæra fyrir ungt fólk á næstu árum.

2. Stöndum vörð um háskólana

Háskólar gegna lykilhlutverki í eflingu nýsköpunar og rannsókna. Skólagjöld við opinbera háskóla koma ekki til greina. Nauðsynlegt er að standa vörð um háskólana og gera þeim kleift að taka við fleiri nemendum og koma á sumarönnum.


3. Aukið lýðræði - Fyrir okkur öll

Framsóknarflokkurinn er boðberi breytinga í íslenskum stjórnámálum. Eftir bankahrunið er nauðsynlegt að fara í allsherjar endurmat á íslenska stjórnkerfinu, setja stjórnámálönnun síðareglur og semja nýja stjórnarskrá á stjórnlagabætur. Almenningsátt er að koma í auknum mæli að allri ákvarðanatöku í þjóðfélaginu, t.d. með þjóðaratkvæðagreiðslum.

4. Leysum vanda heimilanna

Hægt er að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot íslenskra heimila sem nú blasir við, m.a. með niðurfellingu skulda og skuldbreytingu lána. Stór hluti heimilanna getur ekki staðið í skilum við lánastofnanir, m.a. vegna húsnæðiskaupa. Þess vegna er nauðsynlegt að grípa til aðgerða strax.





5. Sumarannir fyrir námsmenn

Framhalds- og háskólar eiga að gefa nemendum kost á að stunda nám yfir sumartímann. LÍN á að veita framfærslulán til háskólanema yfir sumarmánuðina.

6. Betri LÍN - Fyrir okkur öll

Framfærslugrunnur námslána á að endurspegla raunverulega framfærslu á hverjum tíma og skal ekki vera lægri en lágmarks atvinnuleysisbætur. Námslán á að greiða út mánaðarlega. Ef námi lýkur á tilsettum tíma á hluti námsláns að breytast í styrk.

7. Framhaldsskólanám við allra hæfi

Allir eiga að geta stundað framhaldsskólanám við sitt hæfi. Auka þarf möguleika fólks á að stunda nám í framhaldsskólum í heimabyggð. Gera á bók- og iðnnámi jafn hátt undir höfði.

8. Aðildarviðræður við Evrópusambandið

Ísland á að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið og á viðræðuferlið að vera opið og lýðræðislegt. Fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar er grundvallarkrafa í þeim viðræðum. Íslenska þjóðin á sjálf að taka afstöðu til aðildarsamnings í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu.

9. Öruggt húsnæði - Fyrir okkur öll

Að búa í öruggu húsnæði eru grundvallarréttindi og ber að verja þau með öllum tiltækum ráðum. Auðar íbúðir sem Íbúðalánasjóður og bankar í ríkiseigu eignast ætti að nota annars vegar sem stúdentaíbúðir og hins vegar selja í kaupleigu. Á íbúðamarkaði þarf að nýta mátt samvinnunnar betur og gera þannig ungu fólki auðveldara að koma sér þaki yfir höfuðið.

10. Ódýrari getnaðarvarnir - Fyrir okkur öll

Öllu frelsi fylgir ábyrgð, hvort sem það er á fjármálamarkaði eða í einkalífi. Verð á getnaðarvörnum hefur hækkað og sala á þeim hefur dregist saman. Hætta er á að kynsjúkdómasmitum og ótímabærum þungunum fjölgi. Lækka á virðisaukaskatt á getnaðarvörnum úr 24,5% í 7% og gera þær aðgengilegri fyrir ungt fólk.

11. Sumarvinna fyrir námsmenn

Nýsköpunarfyrirtækjum gefst nú kostur á að ráða fólk til starfa og kemur ríkið til móts við launakostnað. Leyfa á félagasamtökum að fá sama stuðning frá ríkinu ráði þau námsmenn í störf yfir sumartímann. Einnig þarf að efla og styrkja Nýsköpunarsjóð násmanna.

12. 18 ára áfengiskaupaaldur

Einstaklingur verður lögráða 18 ára. Ef hann getur gengið í hjónaband, stofnað til skulda og stjórnað sínu lífi ætti honum að vera treystandi til að kaupa áfengi 18 ára.

Framsókn - Fyrir okkur öll

Innan Framsóknarflokksins starfar stór hópur ungs fólks. Flokkurinn er stofnaður af ungu fólki og hefur ávallt haft ungt fólk í fyrrirúmi. Formaður flokksins er yngsti formaður íslensks stjórnmálaflokks og þingflokkurinn er sá yngsti á Alþingi í dag.

Ef þú ert tilbúin/n til að taka sjálfstæða ákvörðun, ef þú vilt taka þátt í stjórnmálum og láta rödd þína heyrast, ef þú vilt starfa í stjórnmálaflokki þar sem ungt fólk hefur áhrif, ef þú horfir fram á veginn og vilt kynnast skemmtilegu ungu fólki þá velur þú Framsóknarflokkinn og tekur þátt í starfinu með okkur í Sambandi ungra framsóknarmanna.

Fleiri góðar ástæður fyrir því að kjósa Framsókn má finna á www.suf.is og www.framsokn.is.



Ungt framsóknarfólk

